

## Samruni Símans hf., BBI ehf., Billboard ehf. og Dengsa ehf.

- Pann 9. febrúar 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Símans hf. (hér eftir „Síminn“) á öllu hlutafé í félögunum BBI ehf. (hér eftir „BBI“), Billboard ehf. (hér eftir „Billboard“) og Dengsa ehf. (hér eftir „Dengsa“). Með bréfi dags. 21. febrúar 2024 upplýsti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynning aðilanna teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 9. febrúar 2024.
- Tekið skal fram að málsmeðferðinni lauk hinn 15. mars 2024 með bréfi til samrunaaðila þar sem tilkynnt var að Samkeppniseftirlitið myndi ekki aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar. Birting þessarar ákvörðunar hefur tafist vegna anna í öðrum samrunamálum.
- Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna fyrri rannsókna auk þess sem aflað var sjónarmiða hjá hagaðilum. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. skl. Með umræddum kaupum eignast Síminn allt hlutafé í félögunum BBI, Billboard og Dengsa og því um samruna að ræða í skilningi samkeppnislaga.
- Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.<sup>1</sup> Í samrunaskrá kemur fram að Síminn starfi á fjarskipta- og sjónvarpsmörkuðum og veiti heildstætt framboð fjarskipta, þ.m.t. farsímabjónustu, talsímabjónustu og internetbjónustu ásamt fjölbreyttri afþreyingu fyrir heimili og fyrirtæki með sjónvarpsbjónustu sinni. BBI, Billboard og Dengsi starfi á innlendum auglýsingamarkaði, nánar tiltekið á markaði umhverfisauglýsinga, samkvæmt samrunaskránni. Félögin þrjú sjái um uppsetningu og rekstur auglýsingaskjána og skilta víðs vegar um landið, þó einkum á höfuðborgarsvæðinu.
- Í samrunaskrá kemur fram að Síminn starfi einnig á markaði fyrir auglýsingar í sjónvarpi. Hafa öll félögin fjögur þar með starfsemi á markaði fyrir sölu auglýsinga, en starfa hins vegar á afmörkuðum hlutum auglýsingamarkaðarins. Samrunaaðilar halda því fram í samrunaskrá að engin skörun sé á starfsemi Símans annars vegar og BBI, Billboard og Dengsa þar sem að ekki sé um sömu undirmarkaði auglýsingamarkaðarins að ræða samkvæmt erlendum fordæmum á sviði samkeppnisréttar.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Samkvæmt 4. gr. skl. er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

<sup>2</sup> Framkvæmdastjórnin hefur litið á auglýsingar í sjónvarpi annars vegar og umhverfisauglýsingar hins vegar sem sérstaka markaði í auglýsingastarfsemi, sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB 24. febrúar 2015 í máli M.7194, Liberty



6. Í samrunaskrá kemur fram um að nýjum fyrirtækjum hafi tekist að hasla sér völl á markaði umhverfisauglýsinga og að sérstakar aðgangshindranir virðist ekki vera til staðar. Einnig er tekið fram að þar sem að starfsemi samrunaaðila fari þannig fram á aðskildum mörkuðum sem tengjast innbyrðis, sé ólíklegt að markaðsráðandi staða félaganna muni hvorki myndast né styrkjast.
7. Í kaupsamningi aðila sem fylgdi með samrunaskrá er að finna viðbótartakmarkanir um samkeppnisbann. [ ]. Samkeppniseftirlitið telur að samkeppnisbann þetta fari umfram viðmið samkeppnisréttar um lögmætar samkeppnishömlur og var Símanum því veitt tækifæri um að tjá sig um þetta atriði hinn 13. mars 2024. Hinn 14. mars 2024 lýsti Síminn yfir því við Samkeppniseftirlitið að aðilar samningsins og samrunans hefðu sammælt um að stytta umrætt samkeppnisbann [ ].<sup>3</sup> Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast vegna þessa atriðis enda hafa hinar skaðlegu samkeppnishömlur verið lagfærðar.
8. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við markaðsskilgreiningar aðila í ljósi tilvitnaðra fordæma. Samkeppniseftirlitið telur að hér sé um að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem að samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði þótt um tengda markaði á sviði auglýsinga sé að ræða. Með samrunanum sameinast fyrirtækin með það að markmiði að auka vöru- og þjónustuúrval yfirtökufélags. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem bendir til þess að lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum sem raski samkeppni með umtalsverðum hætti.
9. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna. Lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa samrunarannsóknar.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Símans hf. á öllu hlutafé í BBI ehf., Billboard ehf. og Dengsa ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

Global/Corelio/W&W/De Vijer Media, mgr. 143, og 14. september 2001 í máli nr. M.2529, JCD / RCS / Publitransport / IPG, mgr. 7.

<sup>3</sup> Trúnaðarupplýsingar.